

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1994

Nr. 531

1666

28. september 1994

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994,
um botn- og flotvörpur.**

1. gr.

Aftan við A. lið 14. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 505/1994, komi nýr málslíður er orðist svo: Einnig er heimilt að nota hlífðarpoka með lágmarksmöskvastærðinni 100 mm við rækjuveiðar sbr. B. og C. liði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. september 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.